



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 13.6.2024 varðandi eftirfarandi mál:

SBB - Félagsmiðstöðvar, samfélags- og menningarhúsa - tillögur og ábendingar starfshóps - til afgreiðslu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 11. júní 2024:

Lagt er til að borgarráð samþykki að skýrslu og tillögum starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa verði vísað til umsagnar velferðarráðs, skóla- og frístundaráðs, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og öldungaráðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Eiríkur Björn Björgvinsson, Anna Sigrún Baldursdóttir, Ævar Harðarson, Ómar Einarsson, Guðrún Kaldal, Árni Guðmundsson, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Gunnlaugur Sverrisson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Árið 2020 var fulltrúi Flokks fólksins í velferðarráði í stýrihóp um stefnumótun í þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk. Hópurinn lauk aldrei störfum. Meðal hugmynda hópsins var að ákveðnar félagsmiðstöðvar, sumar þeirra sem væru tengdar við þjónustukjarna, fengi sérhæfðara hlutverk. Ekki var sátt um þessa tillögu þá og komu mótmæli frá fulltrúa meirihlutans. Fulltrúa Flokks fólksins fannst þetta alltaf góð hugmynd og skiljanleg. Ekki er betur séð en að hér sé verið að leggja fram sömu tillögu. Sjálfsagt er að gera einhverjar félagsmiðstöðvar sérhæfðari. Gæta þarf þess að aðgengi að hinum sérhæfðu félagsmiðstöðvum sé tryggt og að fólk komist án vandræða á þær og milli þeirra. Strætó er því miður ekki nógu góður kostur fyrir margra sakir. Finna þarf aðrar leiðir. Þegar talað er um sérhæfingu þá þýðir það líka að leggja skuli áherslu á sérhæfð áhugamál. Til dæmis að efla virkni líkama og sálar með göngu- og hlaupahópum, dansi, jóga og hugleiðslu, mat, næringu og heilsueflingu. Nýta má áhugamál sem forvarnir, þ.e. með sönghópum, spilahópum, leshringjum, umræðuhópum um stjórnmál, tónlist, hannyrðum, smíðum, viðgerðum og listasmiðjum, golfi, ferðalögum, leikhúsi og garðyrkju. Þekking og námskeið verði í brennidepli, þ.e. tungumálakennsla, kennsla á notkun tækni og ættfræði svo eitthvað sé nefnt.



Reykjavíkurborg

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:

Velferðarráð

Skóla- og frístundaráð

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Öldungaráð

Hjálagt:

Tillaga borgarstjóra ásamt fylgiskjölum



Reykjavík, 11. júní 2024

MSS24060032

Borgarráð

Félagsmiðstöðvar, samfélags- og menningarhús - Tillögur og ábendingar starfshóps

Lagt er til að borgarráð samþykki að skýrsla og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa verði vísað til umsagnar velferðarráðs, skóla- og frístundaráðs, menningar- og íþróttaráðs og öldungaráðs.

Greinargerð:

Með erindisbréfi dagsettu 14. febrúar 2023 skipaði borgarstjóri starfshóp um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa, sem hefði það hlutverk að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun fyrir félagsstarf allra aldurshópa í borginni. Samhliða þeirri vinnu sem þá fór af stað, m.a. í stýrihópum á vegum borgarstjórnar, ákvað borgarstjóri að endurskoða erindisbréf hópsins og var nýtt slíkt gefið út þann 27. júní 2023 og markaði hópnum það hlutverk að „leggja fram heildstæða greiningu á starfsemi og staðsetningu menningar- og félagsstarfs allra aldurshópa í borginni og leggja fram tillögur að samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir því sem við á.”

Starfshópurinn hefur tekið saman tvær megentillögur og nokkrar ábendingar til frekari úrvinnslu. Annars vegar er lagt til að í hverju hverfi myndi tilteknir opnir og *almennir* þjónustupættir/starfsemi einskonar hverfiskjarna félags- og menningarstarfs og taki frekari uppbygging og/eða þétting starfsemi, mið af þeim. Miðað er við að frá miðju kjarnans séu almennt 800 – 1.300 metrar, eða um 15 mínútna göngufæri, til útjaðra kjarna. Hins vegar er lagt til að fimm félagsmiðstöðvum fyrir eldra fólk, sem nú eru reknar í húsnæði tengdum þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk á vegum Reykjavíkurborgar, verði breytt í sérhæfðar félagsmiðstöðvar. Í ljósi breytinga á þörfum íbúa í þessum miðstöðvum er lagt til að sérstaklega verði kannaðir, kostir þess að breyta starfseminni að mestu til dagdvalaforms.

Þá hefur starfshópurinn kortlagt í vefsjá þá umfangsmiklu félags- og menningarstarfsemi sem er um alla borg. Um er að ræða margskonar þjónustu við sjálfsprottna jafnt sem skipulagða þjónustu við fjölbreytta hópa borgarbúa með afar misjafnar þarfir, getu og væntingar. Á kortið eru merktar allar helstu stofnanir. Samfélags- og menningarhús (listasöfn, bókasöfn o.fl), íþróttamannvirki, skólar (frístundaheimili, félagsmiðstöðvar o.fl), útivistarsvæði eru merkt með sérstöku tákni. Einnig eru almenningssamgöngur



Reykjavík



merktar inn á kortið. Mikilvæg forsenda við kortlagningu á starfsemi á vegum borgarinnar er sú staðreynd að Reykjavík hefur tíu borgarluta. Þessi skipting var samþykkt í borgarstjórn árið 2003. Aðalskipulag Reykjavíkur og hverfisskipulag byggja á þessari skiptingu. Í vinnu við hverfisskipulag sem byggir á umræddu aðalskipulagi, er unnið með þessa borgarlutaskiptingu og hverjum borgarluta skipt í hverfi sem fá sitt hverfisskipulag.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa.



Reykjavík



Stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa

Tillögur og ábendingar starfshóps

Reykjavík í mars 2024



1. Inngangur.....	3
2. Tillögur og ábendingar.....	4
2.1. Hverfiskjarnar – 15 mínútna hverfið.....	4
2.2. Sérhæfðar félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk.....	5
3. Menningar- og félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar.....	6
3.1. Menningar- og íþróttasvið (MÍR).....	6
3.2. Skóla- og frístundasvið (SFS).....	8
3.3. Velferðarsvið (VEL).....	10
4. Kortlagning og staðsetning starfseminnar.....	11
4.1. Skipting Reykjavíkur í borgarhluta og hverfi.....	11
4.2. Hverfiskjarnar – 15 mínútna hverfið.....	13
4.3. Dæmi um hverfiskjarna.....	14
4.4. Vefsja samfélags- og menningarhúsa.....	16
5. Viðaukar	
5.1. Erindisbréf.....	17
5.2. Samfélagshús.....	19



1. Inngangur

Með erindisbréfi dagsettu 14. febrúar 2023 skipaði borgarstjóri starfshóp um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa, sem hefði það hlutverk að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun fyrir félagsstarf allra aldurshópa í borginni. Samhliða þeirri vinnu sem þá fór af stað, m.a. í stýrihópum á vegum borgarstjórnar, ákvað borgarstjóri að endurskoða erindisbréf hópsins og var nýtt slíkt gefið út þann 27. júní 2023 og markaði hópnum það hlutverk að “leggja fram heildstæða greiningu á starfsemi og staðsetningu menningar- og félagsstarfs allra aldurshópa í borginni og leggja fram tillögur að samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir því sem við á.”

Starfshópurinn er skipaður starfsfólki þvert á svið Reykjavíkurborgar og hefur þannig náðst fram gott yfirlit yfir fjölbreytt starf og aðkomu ólíkra sviða að verkefninu

Samfélagshús og félagsmiðstöðvar eiga sér langa sögu, allt frá 18. öld og eru sprottin af þörf samfélagsins, m.a. fyrir heilbrigðisþjónustu og félagslega viðburði í nærsamfélaginu. Hluti starfseminnar þróast í almenna velferðarþjónustu og starfið hefur þannig tekið breytingum í takt við samfélagsbreytingar. Grunnildin í starfseminni, valdefling og virk þátttaka á lýðræðislegum forsendum, eru sem fyrr í öndvegi.

Á vegum borgarinnar er rekið afar umfangsmikið og fjölbreytt félagsstarf fyrir alla aldurshópa, sem í tímans rás hefur tekið breytingum eftir þörfum samfélagsins. Mikilvægt er að þróun húsnæðis og hverfa haldist í hendur við slíkar breytingar og hugað sé að fjölbættri nýtingu húsnæðis, við uppbyggingu og skipulag hverfa og borgarhluta.

Hópurinn hefur hist á 13 fundum og farið yfir fjölbreytta flóru menningar- og félagsstarfs í borginni og staðsetningu slíkrar starfsemi. Í samræmi við hlutverk sitt hefur hópurinn sérstaklega horft til staðsetningar húsnæðis sem nýtt hefur verið undir starfseminna sem og mögulegra samlegðaráhrifa á afmörkuðum svæðum.

Starfshópurinn hefur tekið saman tvær megentillögur og nokkrar ábendingar til frekari úrvinnslu og eru þær útlistaðar í 2. kafla. Þær byggja á vinnu hópsins sem gerð er nánari grein fyrir í 3. kafla, þar sem hópurinn hefur skilgreint nákvæmlega hvernig félags-, tómstunda- og menningarstarfi er háttað á vegum sviða borgarinnar. Starfshópurinn fór yfir húsnæði það sem nýtt er til félags- og menningarstarfsemi á vegum borgarinnar. Víða er málum þannig háttað að nýting er takmörkuð við hluta úr degi og ræðst það gjarnan af eðli starfseminnar en einnig hönnun þess og aðgengi. Það er mat hópsins að víða gæti slíkt húsnæði þó nýst betur og er þá einkum horft til húsnæðis grunnskóla og íþróttamannvirkja. Þá er mikilvægt að hönnun húsnæðis á vegum Reykjavíkurborgar miði að fjölbreyttri notkun sem almennarými. Góð nýting mannauðs og húsnæðis getur leitt til hagræðingar og hagkvæmni

Í 4. kafla hefur Umhverfis- og skipulagssvið unnið mjög greinagott yfirlitskort yfir starfseminna og tillögur hópsins um 15 mínútna hverfin, sem einnig er unnt að nálgast á stafrænu formi. Starfshópurinn vill þakka Karólínu Rósu Guðjónsdóttur landfræðingi á Landupplýsingadeild USK sérlega vandaða og mikilvæga vinnu. Loks fylgja viðaukar sem horft var til við alla vinnu hópsins.


2. Tillögur og ábendingar

2.1. Hverfiskjarnar – 15 mínútna hverfið

Lagt er til að í hverju hverfi myndi tilteknir opnir og *almennir* þjónustupættir/starfsemi einskonar hverfiskjarna félags- og menningarstarfs og taki frekari uppbygging og/eða þétting starfsemi, mið af þeim. Miðað er við að frá miðju kjarnans séu almennt 800 – 1.300 metrar, eða um 15 mínútna göngufæri, til útjaðra kjarna. Þessi tillaga fellur vel að markmiði “Græna plansins” sem lýtur að því að í gegnum hverfisskipulag, endurnýjun hverfiskjarna og fjárfestingu í innviðum, verði hverfi borgarinnar gönguvænni og aðgengi að grænum svæðum, útivist og þjónustu tryggt í 15 mínútna göngu- eða hjólafæri. Þá er horft til þess að innan slíks kjarna skuli vera aðgengi að almennri þjónustu, þ.e.;

1. Félagslegri virkni fyrir alla aldurshópa (samfélagshús o.fl)
2. Menningarhúsum (listasafn, bókasafn o.fl)
3. Íþróttalýðheilsustarfi
4. Skóla- og frístundahúsnæði
5. Útivistarsvæði

Eins og sjá má á mynd 1 má nú þegar skilgreina 15 slíka kjarna. Þeir ná þó ekki að þjóna öllum hverfum borgarinnar og er lagt til að sérstaklega verði farið í skoðun á staðsetningu slíks kjarna fyrir Fossvogs/Bústaðahverfið. Þegar er unnið að hugmyndum um þjónustu á þeim slóðum og falla þær einkar vel að framangreindum hugmyndum hópsins. Þá þarf að skilgreina sérstaklega slíkan kjarna í Norðlingaholti. Í 4. kafla, myndir 3-7, eru dæmi um einstaka hverfiskjarna. Í stafrænni útgáfu þessarar skýrslu er hægt að skoða þá nánar.



Mynd 1. Hverfiskjarnar og 15 mínútna göngufjarlægðir.



Á kortið eru merktir inn 15 punktar sem skilgreina hverfiskjarna. Miðað er við að í næsta nágrenni séu samfélags- og menningarhúsnæði, íþróttamannvirki og sundlaugar, skóla- og leikskólabygging og úitivistarsvæði. Út frá þessum kjörnum eru afmörkuð svæði sem sýna 15 mínútna göngufjarlægð.

Ekki nást allir þessir fimm starfsemisþættir innan hvers kjarna, enda hafa þeir þróast í árána rás með mismunandi hætti. Í þeim tilvikum þar sem veruleg frávik eru frá þessum vega/tímalengdum er nauðsynlegt að horfa til almenningssamgangna. Þá þarf að horfa til aðgengis eldra fólks og hreyfihamlaðra sem þurfa stuðning eða sérstaka aðstoð til að komast ferða sinna, sér í lagi í vetrarfærð. Sama gildir um sérstaka þjónustu, svo sem félagsmiðstöðvar sem sérstaklega eru miðaðar að þörfum eldra fólks eða fólks með fötlun. Ekki er gert ráð fyrir þeim innan allra kjarna, enda um sérhæfða þjónustu að ræða sem unnt er að sækja þvert á hverfi með sérstakri akstursþjónustu.

2.2. Sérhæfðar félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk

Lagt er til að fimm félagsmiðstöðvum fyrir eldra fólk, sem nú eru reknar í húsnæði tengdum þjónustuíbúðum fyrir eldra fólk á vegum Reykjavíkurborgar, verði breytt í sérhæfðar félagsmiðstöðvar. Í ljósi breytinga á þörfum íbúa í þessum miðstöðvum er lagt til að sérstaklega verði kannaðir, kostir þess að breyta starfseminni að mestu til dagdvalaforms.

Ábendingar

1. Unnin verði stefnumörkun um menningar- og félagsstarf allra aldurshópa í hverfum og/eða borgarhlutum og þeir skilgreindir nánar.
2. Til er yfirlit um notkun húsnæðis borgarinnar í öllum hverfum og nýtingu þess fyrir félags-, íþrótt-, tómstunda- og menningarstarf og hverjir séu notendur húsnæðisins. Mikilvægt er að taka þessar upplýsingar saman til að hægt sé að meta mögulega samnýtingu húsnæðis.
3. Kannaðir verði möguleikar á að nýta betur íþróttasali og aðra sali skólanna fyrir félagsstarf, frístundir, fundi og fleira.
4. Unnið verði að betri og samræmdari nýtingu skóla- og frístundahúsnæðis í hverfum eftir að hefðbundinni nýtingu lýkur.
5. Lagt er til að auka almenningssamgöngur innan hverfa með tilliti til staðsetningar hverfiskjarnanna.

3. Menningar- og félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar

Í Reykjavík fer fram afar umfangsmikil félags- og menningarstarfsemi um alla borg, eins og merkja má af mynd 2. Um er að ræða margskonar þjónustu við sjálfsprottna jafnt sem skipulagða þjónustu við fjölbreytta hópa borgarbúa með afar misjafnar þarfir, getu og væntingar.



Mynd 2. Reykjavík.

Á kortið eru merktar allar helstu stofnanir. Samfélags- og menningarhús (listasöfn, bókasöfn o.fl), íþróttamannvirki, skólar (frístundaheimili, félagsmiðstöðvar o.fl), útivistarsvæði eru merkt með sérstöku tákni. Einnig eru almenningssamgöngur merktar inn á kortið.

Auk skilgreininga og yfirferðar yfir starfsemi félagsstarfs í borginni fór starfshópurinn yfir húsnæði það sem nýtt er til félags- og menningarstarfsemi á vegum borgarinnar. Víða er málum þannig háttað að nýting er takmörkuð við hluta úr degi og ræðst gjarnan af eðli starfseminnar en einnig hönnun húsnæðis og aðgengi að því. Það er mat hópsins að víða gæti slíkt húsnæði þó nýst betur og er þá einkum horft til húsnæðis grunnskóla og íþróttamannvirkja. Þá er mikilvægt að hönnun húsnæðis á vegum Reykjavíkurborgar miði að fjölbreyttri notkun sem almannarými. Góð nýting mannauðs og húsnæðis getur leitt til hagræðingar og hagkvæmni.



3.1. Menningar- og íþróttasvið (MÍR)

Menningar- og íþróttasvið sinnir fjölbreyttri starfsemi en meginhlutverk þess er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar-, íþrótt- og útilífsmálum. Meginstoðir sviðsins eru menningarborgin, íþróttaborgin og útilífsborgin.

Leiðarljós Menningar- og íþróttasviðs er að borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til menningar, íþróttar og útivistar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

Menningarborgin

Sviðið rekur öflugar menningarstofnanir og styður við sjálfsprottið menningarlíf í borginni gegnum styrki, samstarfssamninga, viðurkenningar og sérverkefni. Jafnframt hefur Menningarborgin umsjón með málefnum Borgarleikhússins, Hörpu og Sinfóníu-hljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Borgarbókasafn Reykjavíkur

Borgarbókasafn Reykjavíkur starfrækir átta bókasöfn, í Grófarhúsi við Tryggavötu, Kringlunni, Sólheimum, Gerðubergi í Breiðholti, Árbæ, Spönginni í Grafarvogi, Úlfarsárdal og í Klébergi á Kjalarnesi. Söfnin gegna einnig hlutverki samfélags- og menningarhúsa í hverfum borgarinnar. Fjöldi gesta árið 2023 var 495.248.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Á Borgarsögusafninu eru varðveitar menningarminjar Reykjavíkur. Undir safnið heyra Árbæjarsafn, Landnámssýningin í Aðalstræti, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið og náttúruperlan Viðey. Fjöldi gesta á árinu 2023 var 148.097.

Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölbreyttu sýningarhaldi og varðveitir umfangsmikla listaverkæign. Sýningastaðir safnsins eru Ásmundarsafn, Kjarvalsstaðir og Hafnarhús. Fjöldi gesta á árinu 2023 var 254.387.

Hitt Húsið

Hitt Húsið, miðstöð ungs fólks, sinnir öflugum menningarstarfi á borð við Músíktílaunir og Götuleikhúsið ásamt atvinnuráðgjöf, upplýsingamiðlun og frístundarstarfi ungmenna með fötlun. Auk þess fer fram starfsemi á vegum félagasamtaka í húsinu. Fjöldi gesta á árinu 2023 var 46.880.

Íþróttaborgin

Sviðið sér um samstarfssamninga og styrki íþrótt- og æskulýðsfélaga, auk þess að reka fjölda íþróttamannvirkja og íþróttavalla víðsvegar um borgina. Íþróttaborgin vinnur að því að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega hreyfingu.

Sundlaugar

Sundlaugar Reykjavíkur eru átta talsins, Vesturbæjarlaug, Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Árbæjarlaug, Dalslaug í Úlfarsárdal og Klébergslaug á Kjalarnesi. Laugarnar sækir mikill fjöldi fólks árlega sér til afþreyingar, heilsubótar og íþróttaiðkunar. Fjöldi gesta á árinu 2023 var 2.266.625.



Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Skíðasvæðið í Bláfjöllum er rekið af Reykjavíkurborg, í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi gesta veturinn 2022 - 2023 var 42.332.

Útilífsborgin

Útilífsborgin býður upp á fjölbreytta valkosti til að njóta útiveru, náttúru og hreyfingar.

Gufunesbær

Gufunesbær er útilífsmiðstöð sem eflir og styður við útinám og útiveru barna. Þá eru þrjú fjölskylduvæn skíðasvæði í hverfum borgarinnar. Fjöldi barna og ungmenna í dagskrá Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) árið 2023 voru 2.311. Fjöldi fullorðinna í fræðslu á vegum MÚÚ árið 2023 voru 530. Fjöldi gesta á skíðasvæðunum innan borgarmarkanna á árinu 2023 voru 11.250. Fjöldi barna sem sótti frístundagarðinn í Gufunesbæ var 6.242 árið 2023. Gjöldi gesta sem notaði grillskýlið í Gufunesbæ var 7.617 árið 2023.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

Sviðið rekur Fjölskyldu og húsdýragarðinn og þar sinnir Dýraþjónusta Reykjavíkur einnig málefnum tengdum dýrum og dýrahaldi. Fjöldi gesta í garðinum á árinu 2023 var 191.758.

Nauthólsvík

Ylströndin í Nauthólsvík er gríðarlega vel sótt útivistarsvæði innan borgarmarkanna og í Siglunesi gefst börnum og ungmennum kostur á að stunda siglingar og fleira. Fjöldi gesta á Ylströndinni á árinu 2023 var 50.154 og fjöldi barna á námskeiðum hjá Siglunesi árið 2023 var 623.

3.2. Skóla- og frístundasvið (SFS)

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundaþjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og fleiri stofnunum, í öllum hverfum borgarinnar. Unnið er eftir menntastefnunni „Látum draumana rætast“ og stefnu um frístundastarf í Reykjavík.

Skóla- og frístundasvið er með fagskrifstofur skóla- og frístundaþjónustu í miðstöðvum borgarinnar og þar eru staðsettar verkefnastjórnir Betri borgar fyrir börn, sem vinna að því að innleiða farsældarlög um samþætta þjónustu fyrir börn og fjölskyldur.

Rík áhersla er lögð á samþætt skóla- og frístundastarf í Reykjavík og að mannvirki séu vel nýtt íbúum til hagsbóta. Í öllu starfi á sér stað blómlegt félags- og menningarstarf í takt við stefnur borgarinnar. Helstu stefnur eru Græna planið, menntastefna Reykjavíkur, stefna Reykjavíkur um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf og frístundastefnan.

Grunnskólar

Reykjavíkurborg rekur 38 grunnskóla með um 14.700 nemendur, þar af eru tveir sérskólar fyrir börn með alvarlegar fatlanir eða tilfinningalega, hegðunar eða félagslega erfiðleika.



Að auki eru starfandi í borginni sex sjálfstætt reknir grunnskólar sem njóta fjárhagslegs stuðnings frá borgaryfirvöldum eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Flestir grunnskólar eru heildstæðir skólar með nemendum frá 1. til 10. bekk en einnig eru nokkrir skólar með nemendum í 1. – 6./7. bekk og safnskólar á unglingsstigi fyrir nemendum í 7./8. – 10. bekk. Allir grunnskólar starfa samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla auk þess að taka mið af stefnum og viðmiðum sem um grunnskólastarfið gilda. Grunnskólar borgarinnar leggja flestir mikla áherslu á list- og verkgreinar, skapandi starf og að koma til móts við styrkleika nemenda. Mikil áhersla er á samstarf og teymisvinnu og hefur sumum skólabyggingum verið breytt til að mæta þeim áherslum í skólastarfinu. Húsnæði grunnskóla er nýtt allt skólaárið, fyrir grunnskólastarfið og samnýtt með frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum, tónlistarskólum og fyrir ýmsa aðra samfélagslega starfsemi.

Frístundamiðstöðvar

Reykjavíkurborg rekur fjórarar frístundamiðstöðvar en þær halda utan um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva og tilheyra skóla- og frístundaþjónustu miðstöðva í hverjum borgarhluta. Frístundamiðstöðvarnar eru Brúin sem þjónustar Árbæ, Grafarvog, Norðlinga-, Grafarholt og Úlfarsárdal, Miðberg í Breiðholti, Kringlumýri fyrir Laugardal, Háleiti og Bústaði og Tjörninn sem þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Frístundamiðstöðvar nýta húsnæði í borgarhlutanum fyrir starfssemi sína og sjá um dagskrá fyrir fjölskyldur í haust- og vetrarleyfum grunnskólanna.

Frístundamiðstöðvar sjá til þess að börnum og unglingsum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglingsa í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Í starfsskrá frístundamiðstöðva er litið á hugtakið frístundastarf sem sambærilegt hugtakinu tómsundastarf. Einnig er stundum notað hugtakið æskulýðsstarf um sambærilegt starf, sbr. Æskulýðslög (Nr. 70/2007) þar sem segir að með æskulýðsstarfi sé átt við skipulagða félags- og tómsundastarfsemi, þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.

Frístundaheimili

Frístundaheimili er rekið við sérhvern grunnskóla og þar er skipulagt fjölbreytt frístundastarf fyrir sex til níu ára börn. Vetrarstarf fer fram eftir að skóladegi lýkur, en heilsdags-starf er í skólaleyfum og á sumrin.

Félagsmiðstöðvar

Í félagsmiðstöðvunum er boðið upp á uppbyggilegt frístundastarf fyrir 10 – 16 ára börn og unglingsa í frítímanum. Áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og unglingsa sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni. Í Reykjavík eru starfræktar 25 félagsmiðstöðvar þar af fjórar sem sinna fötluðum börnum og unglingsum sérstaklega. Þær eru ýmist í húsnæði grunnskólanna eða utan þeirra. Stýrihópur um samnýtingu húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf hefur sett fram þá sýn að starf félagsmiðstöðva fyrir



börn og unglunga fari alfarið fram í samnýttu húsnæði með grunnskólum frá og með hausti 2026.

Leikskólar

Leikskólakerfið í Reykjavík samanstendur af 68 borgarreknum og 17 sjálfstætt starfandi leikskólum. Þar er boðið upp á fjölbreytt leikskólustarf fyrir börn á aldrinum sex mánaða til sex ára. Þar að auki eru fjölmargir dagforeldrar að störfum í Reykjavík sem geta boðið fjölskyldum upp á dagvistun fyrir börn á sama aldri. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar læra börnin á skapandi hátt um allt milli himins og jarðar. Hver leikskóli markar sér sína sérstöðu en allir vinna þeir út frá aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Reykjavíkur, auk þess sem hver leikskóli vinnur sína eigin námskrá. Börn geta fengið sérstakan stuðning eða sérkennslu í leikskólum eftir mat frá sérfræðingi eða greiningaraðila. Meginmarkmið sérkennslu er að tryggja jöfn réttindi barna í leikskólustarfinu, óháð líkamlegri og andlegri getu. Mörg börn í leikskólum borgarinnar eru af erlendum uppruna. Þessi fjölbreytileiki er dýrmætur þar sem framlag barna og foreldra af erlendum uppruna auðgar starf leikskólans og skapar tækifæri til þess að kynnast margbreytileika menningar og tungumála. Húsnæði leikskóla er nýtt undir starfseminna alla virka daga árið um kring, fyrir utan fjögurra vikna sumarlokun.

Skólahljómsveitir

Borgin rekur fjórar skólahljómsveitir og hljóðfæranám á þeirra vegum fer fram í flestum grunnskólum borgarinnar. Aðstaða til æfinga er í samnýttu húsnæði með grunnskólum og frístundaheimilum. Að auki nýta allnokkrir tónlistarskólar húsnæði grunnskóla til hljóðfærakennslu.

3.3. Velferðarsvið (VEL)

Á velferðarsviði er rekin umfangsmikil starfsemi í félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum sem mætir fjölbreyttum þörfum fullorðinna borgarbúa frá 18 ára aldri. Sveitarfélögum er skylt lögum samkvæmt að tryggja aðgang að félags- og tómstundastarfi við hæfi. Um er að ræða 16 staði á vegum Velferðarsviðs þar sem rekið er allt frá opnu félagsstarfi fyrir alla aldurshópi að sérhæfðara starfi fyrir tiltekna hópa, einkum eldra fólk.

Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannglegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hver stöð býður upp á sína eigin dagskrá sem samanstendur af ýmsum spennandi hlutum, s.d. vinnustofur, hagleikssmiðjur, listasmiðjur og klúbbastarf ýmiskonar, spilamennsku, skoðunarferðir og dans og leikfimi. Síðan eru ýmsir viðburðir árlegir og/eða tilfallandi, svo sem grillveisla, haustfagnaður og þorablót. Lögð er áhersla á sjálfsprottið félagsstarf sem allir geta haft áhrif á.

Hádegisverður og kaffiveitingar er í boði á öllum félagsmiðstöðvum. Að auki bjóða flestar félagsmiðstöðvarnar upp á baðþjónustu. Hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofur eru einnig starfræktar í mörgum stöðvum.



Félagsstarf í húsnæði þjónustuíbúðakjarna

Í Hjallaseli, Lönguhlíð, Norðurbrún og Furugerði og á Vitatorgi og Dalbraut, rekur Reykjavíkurborg kjarna félagslegra leiguíbúða sem ætlaðar eru eldra fólki. Í tengslum við þá starfsemi er rekið félagsstarf, öllum opið, sbr. lýsingu hér að ofan.

Félagsstarf í húsnæði í eigu Félags eldri borgara eða eldra fólks

Á Dalbraut og Aflagranda og í Hvassaleiti, Hraunbæ, Bólstaðarhlíð, Hæðargarði og Árskógum, eru annars vegar eignaríbúðir í eigu eldra fólks sem og leiguíbúðir í eigu Félags eldri borgara. Í tengslum við þá starfsemi er rekið félagsstarf, öllum opið, sbr. lýsingu hér að ofan

Félagsstarf í Fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi

Í Gerðubergi er fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa sem hefur þróast út frá þörfum félagsstarfsins á svæðinu og er starf eldra fólks þar stór hluti.

Félagsstarf Korpúlfa í Borgum, Grafarvogi


Félag eldri borgara í Grafarvogi er sjálfstætt starfandi félag sem stendur fyrir umfangsmiklu félagsstarfi fyrir eldra fólk. Starfið er dyggilega stutt af Reykjavíkurborg sem leggur starfinu til húsnæði og starfsmann.

4. Kortlagning og staðsetning starfseminnar

4.1. Skipting Reykjavíkur í borgarhluta og hverfi

Mikilvæg forsenda við kortlagningu á starfsemi á vegum borgarinnar er sú staðreynd að Reykjavík hefur tíu borgarhluta. Þessi skipting var samþykkt í borgarstjórn árið 2003. Aðalskipulag Reykjavíkur og hverfisskipulag byggja á þessari skiptingu og er gerð grein fyrir henni á meðfylgjandi korti. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 -2030 er sérstök umfjöllun í B hluta sem heitir Skipulag borgarhlutanna. Í vinnu við hverfisskipulag sem byggir á umræddu aðalskipulagi, er unnið með þessa borgarhlutaskiptingu og hverjum borgarhluta skipt í hverfi sem fá sitt hverfisskipulag.

Vinna hópsins við skiptingu í hverfiskjarna byggir á þessum forsendum, enda þótt ekki sé gert ráð fyrir hvefiskjörnum í hverju hverfanna 32ja.



Mynd 3. Reykjavík.

Í Reykjavík eru 10 borgarhlutar samkvæmt aðalskipulagi og 32 hverfi samkvæmt hverfis-skipulagi.


1	Vesturbær. 1.1. Gamli Vesturbær, 1.2. Nýi Vesturbær, 1.3. Örfirisey, 1.4. Skerjafjörður
2	Miðborgin. 2.1. Miðbær, 2.2. Tjarnarsvæði, 2.3. Háskóli, 2.4. Austurbær, 2.5. Vatnsmýri
3	Hlíðar. 3.1. Háteigshverfi, 3.2. Hlíðarhverfi, 3.3. Öskjuhlíðarhverfi
4	Laugardalur. 4.1. Laugarneshverfi, 4.2. Langholtshverfi, 4.3. Vogahverfi
5	Háaleiti-Bústaðir. 5.1. Háaleiti – Múlar, 5.2. Kringlan – Leiti - Gerði, 5.3. Bústaða- og Smáibúðahverfi, 5.4. Fossvogshverfi - Blesugróf
6	Breiðholt. 6.1. Neðra-Breiðholt, 6.2. Seljahverfi og 6.3. Efra-Breiðholt
7	Árbær. 7.1. Ártúnsholt, 7.2. Árbæjarhverfi 7.3. Seláshverfi, 7.4. Norðlingaholt
8	Grafarvogur. 8.1. Hamra-, Folda og Húsahverfi, 8.2. Rimahverfi, 8.3. Borgir-, Vikur-, Engja- og Staðarhverfi
9	Kjalarnes. 9.1. Grundarhverfi
10	Grafarholt. 10.1 Grafarholt, 10.2. Úlfarsárdalur

Tafla 1. Borgarhlutarnir og hverfin



4.2. Hverfiskjarnar – 15 mínútna hverfin

Tillögur hópsins gera ráð fyrir 15 hverfiskjörnum þar sem staðsetning félags-, menningar-, skóla- og íþróttastarf myndar hjarta hverfisins. Frá þeim er miðað við að göngufæri sé u.þ.b. 15 mínútur að ystu mörkum kjarnans.



Mynd 4. Hverfiskjarnar og 15 mínútna göngufjarlægðir.


Á kortið eru merktir inn 15 punktar sem skilgreina hverfiskjarna. Miðað er við að í næsta nágrenni séu samfélags- og menningarhúsnæði, íþróttamannvirki og sundlaugar, skóla- og leikskólabygging og útivistarsvæði. Út frá þessum kjörnum eru afmörkuð svæði sem sýna 15 mínútna göngufjarlægð.

4.3. Dæmi um hverfiskjarna




Mynd 5. Vesturbær norðan Hringbrautar.

Samfélagshús, menningarhús (listasafn, bókasafn o.fl), íþróttamannvirki, skólar (fristundaheimili félagsmiðstöðvar o.fl) og útivistarsvæði, eru merkt með sérstökum táknum. Einnig eru merkt inn á kortið almenningssamgöngur. Skyggða svæði sýnir hversu langt er hægt að komast á 15 mínútum frá miðju hverfisins.



Mynd 6. Hlíðar.

Samfélagshús menningarhús (listasafn, bókasafn o.fl), íþróttamannvirki, skólar (frístundaheimili, félagsmiðstöðvar o.fl) og útivistarsvæði, eru merkt með sérstökum táknum. Einnig eru merkt inn á kortið almenningssamgöngur. Skyggða svæðið sýnir hversu langt er hægt að komast á 15 mínútum frá miðju hverfisins.



Mynd 7. Efra Breiðholt.

Samfélagshús, menningarhús (listasafn, bókasafn o.fl), íþróttamannvirki, skólar (frístundaheimili félagsmiðstöðvar o.fl) og útivistarsvæði, eru merkt með sérstökum táknum. Einnig eru merkt inn á kortið almenningssamgöngur. Skyggða svæði sýnir hversu langt er hægt að komast á 15 mínútum frá miðju hverfisins.

4.4 Vefsja samfélags- og menningarhúsa

Hér að framan eru kort og dæmi um 15 mínútna hverfin. Meðfylgjandi er linkur inn á Borgarvefsja [Samfélags- og menningarhúsa](#) þar sem hægt er að nálgast kortin á gagnvirkan hátt.



5. Viðaukar

5.1. Erindisbréf

Starfshópur um samþættingu félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar 6. desember 2022 voru samþykktar breytingartillögur meirihlutans við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 sem felast í hagræðingaraðgerðum. Tillaga 39 fólst í stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.

Hlutverk:

Að leggja fram heildstætt yfirlit/kortlagningu starfsemi og staðsetningar menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni. Starfsemi einstakra eininga verði greind, hlutverk þess í nærsamfélaginu og hugsanleg sérhæfð starfsemi, sem nýtist öllum borgarbúum tilgreind sem og samstarf og samningar við aðra rekstraraðila.

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar fyrir fullorðið fólk á vegum velferðarsviðs eru 17 talsins. Nýting þjónustu þeirra er afar mismunandi og ræður þar eðli starfsemi þeirra og staðsetning, hluti þeirra hefur verið þróaður í samfélagshús sem gegna fjölbreyttu hlutverki innan hverfa, s.s. félagsstarf fyrir flóttafólk og virknitækifæri. Mikilvægt er að a.m.k. ein félagsmiðstöð sé í hverju hverfi borgarinnar sem er í samræmi við áætlanir meirihluta borgarstjórnar um samfélagshús.

Menningar- og íþróttasvið rekur menningarhús í öllum borgarhlutum fyrir alla aldurshópa, á grunni útibúa Borgarbókasafns, menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti og Hitt húsið í Elliðaárdal sem þjónar ungu fólki. Þá eru íþróttamannvirki og sundlaugar oft vinsælir samkomustaðir sem gegna mikilvægu hlutverki.

Skóla- og frístundasvið rekur frístundamiðstöðvar í öllum borgarhlutum á fjölmörgum starfsstöðum, þær eru aðeins fyrir ungt fólk og eru ýmist í sérhæfðu húsnæði eða innan skóla. Fagfólk um frítímapjónustu starfar að einhverju leyti á öllum þessum sviðum, auk sérfræðinga.

Gert er ráð fyrir að allt ofangreint komi til skoðunar í vinnu starfshópsins og lagðar til tillögur að samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir atvikum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Að leggja fram heildstæða greiningu á starfsemi og staðsetningu menningar- og félagsstarfs allra aldurshópa í borginni og leggja fram tillögur um samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir því sem við á.

Starfshópurinn skipa:

Anna Sigrún Baldursdóttir, skrifstofustjóri öldrunarmála, velferðarsviði, formaður

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri, menningar- og íþróttasviði

Ævar Harðarson, skrifstofustjóri hverfisskipulags, umhverfis- og skipulagssviði

Ómar Einarsson, fyrrverandi sviðsstjóri

Guðrún Kaldal, Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Árni Guðmundsson, aðjúnt og sérfræðingur í æskulýðsmálum, Háskóla Íslands

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, forstöðumaður Vesturmiðstöð, velferðarsviði *

**Starfsmaður:**

Gunnlaugur Sverrisson, verkefnastjóri á skrifstofu stjórnarsýslu velferðarsviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Einnig verði samráð haft við öldungaráð og Reykjavíkurráð ungmenna.

Starfstímabil:

Frá 10. febrúar til 15. nóvember 2023.

Reykjavík, 27. júní 2023

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

*Við endurskoðun á erindisbréfi féll nafn Sigríðar niður fyrir mistök.



5.2. Samfélagshús

Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja. Ræturnar eru djúpar og forsaga Samfélagshúsa og nútíma velferðarþjónustu löng. Því er ekki úr vegi að láta hér fylgja með sem viðauka sögulegt yfirlit um þróun og hugmyndafræði hvers nútíma velferðarþjónusta byggir á.

Í því gríðarlega félagslega umróti sem iðnbyltingin hafði í för með sér, urðu ákveðin straumhvörf með tilkomu og starfsemi svokallaðra *samfélagshúsa* (e. settlements), sem stundum eru einnig nefnd *hverfamiðstöðvar*. Misskipting auðs, fátækt, örbirgð og ómegð lægri stétta í Englandi og víðar í hinum vestrænar heimi var kaldur veruleiki sem átti rót sína að rekja til þjóðfélagsgerðar (Cunningham, 1995). Við þetta ástand varð ekki unað að mati ýmissa hópa úr efri lögum samfélagsins, þessu varð að breyta. Sama var uppi á teningum víðar, meðal annars í stækkandi iðnaðarborgum Bandaríkjanna. Fræg tilvitnun breska stjórnámálaleiðtogans Benjamin Disraeli um að í landinu byggju tvær þjóðir var lýsandi fyrir ástandið (Cunningham, 1995).

Afstaða til vandans var í meginatriðum tvíþætt og byggði á andstæðum viðhorfum til samfélagsgerðar þess tíma. Í fyrsta lagi að hjálpa þeim sem minna mega sín án þess að breyta þjóðfélagsgerðinni á nokkurn hátt. Þessi viðhorf komu m.a. fram í bók Mary Richmond *Friendly Visiting among the Poor* (Richmond, 1899). Nafn bókarinnar verður þó að taka með fyrirvara um orðræðu þess tíma sem hún er skrifuð. Í öðru lagi viðhorf og sýn sem Jane Addams og fleiri höfðu. Einstaklingar og hópar beggja vegna Atlantsála töldu rót vandans liggja í samfélagsgerð sem viðhaldi og stuðlaði beinlínis að félagslegu óréttlæti og mismunun. Hjálparstarf ætti því fremur að ganga út á að valdefla lægri stéttir samfélagsins, hafa áhrif á samfélagsþróun, heldur en að veita bara ölmusu (Addams, 1902). Tveir pólar í mjög grófum dráttum, viðhorf sem enn finnast í hjálparstarfi samtímans.

Ein leið til þess að ná þeim markmiðum sem Bennett, Addams og fleiri aðhylltust, var að setja á stofn samfélagshús í hverfum fátækra. Toynbee Hall var stofnsett í Bretlandi árið 1884, í East End (fátækra)hverfinu í Lundúnum. Séra Samuel Barnett hafði ásamt fleirum verið virkur í safnaðarstarfi í fátækrahverfum borgarinnar. Hann taldi vinnu á forsendum hefðbundins safnaðarstarfs ekki ná utan um viðfangsefnið og leitaði til stúdenta í Oxford. Þar fékk hann til liðs við sig fjölda af nemum sem nýttu þekkingu sína, hvert á sínu sviði, til þess að bæta aðstæður í fátækrahverfunum. Við þennan hóp bættust svo aðrir sem létu sér annt um velferð lægri stétta samfélagsins. Þó svo að nálgun þessara hópa hafði verið af ólíkum toga, það er trúarlegum og velferðar (e. philanthropy), þá var markmiðið þeirra það sama; að bæta aðstæður lægstu stétta samfélagsins. Úr varð stofnun fyrsta samfélagshússins árið 1884 (Olsson, 1982).


Starfsemin var í grundvallaratriðum þrennskonar: Í fyrsta lagi bein félagsleg aðstoð, þ.e. ráðgjöf, hjúkrunar- og læknisþjónusta o.fl. Í öðru lagi menntun og tómsundur, svo sem kvöldskólar, tómsundastarf fyrir börn og unglinga og lestrakennsla. Í þriðja lagi var skipulögð barátta fyrir félagslegum umbótum með stofnun hagsmunahópa/verkalýðsfélaga (Olsson, 1982). Í hugmyndafræði samfélagshúsanna (Hverfamiðstöðvanna) liggur rót nútíma velferðarkerfis. Einstakir starfsþættir, angar, sem síðar verða grunnur að fjölþættri velferðarþjónustu samtímans (mynd 1) (Árni Guðmundsson, 2007).



Mynd 1

Hugmyndafræðin breiddist út. Jane Addams og Ellen Gates Starr stofnuðu samfélagshúsið Hull House árið 1889 í Chicago í Bandaríkjunum að fyrirmynd Toynbee Hall. Þær höfðu dvalið um nokkurra mánaða skeið í Lundúnum og nýttu sér þá þekkingu og reynslu sem grunn að starfsemi Hull House. Í bók Jane Addams *Democracy and Social Ethics* (1902), sem byggir á samnefndri fyrirlestraröð, kemur kjarni lífsviðhorfa hennar fram, viðhorf sem jafnframt eru hornsteinar þeirrar hugmyndafræði sem meðal annars starfsemi félagsmiðstöðva byggir á. Þar segir meðal annars: Fólk þarfnast hvors annars. Allar manneskjur eru jafn verðugar óháð kynþætti, trú, þjóðerni, kyni o.s.frv. Manneskjan þróast aðeins í samfélagi sem virðir gagnkvæmar þarfir einstaklingana, samfélag sem byggir á lýðræðislegum reglum. Hugmyndir og hugsun byggja á reynslu viðkomandi (Addams, 1902, 1920)

Í kjölfar iðnbyltingarinnar áttu sér stað á velferðarsviðinu miklar breytingar eins og sjá má á mynd 2. sem er þýðing Árna Guðmundssonar á sambærilegri mynd í bók Mary Richmond *The long view. Papers and Addresses* frá 1930. Myndin sýnir þá miklu þróun sem átti sér stað á þessu tímabili í Bandaríkjunum. Hræringar, umræða og vinna á sviði velferðar og sú hugmyndafræði sem þar lá að baki, hafði í för með sér breytingar til batnaðar.



Mynd 2: Þýðing Á.G. (Richmond, 1930)

Samfélagshúsafræðinni óx fiskur um hrygg. Alþjóðleg samtök samfélagshúsa IFS (International Federation of Settlements) voru stofnuð árið 1926 í París. Þá höfðu átt sér stað miklar breytingar í félags- og velferðarkerfum víða, eins og sjá má dæmi um á mynd 2. Ekki síst átti það við um málefni barna og ungmenna sem varð til þess að samtökin gáfu þegar í upphafi, sérstakan gaum þessu nýja eða breytta æviskeiði og miðuðu starfsemi fyrir þennan hóp út frá nýjum þörfum. Því var samþykkt að aðlaga starfsemi að þessum nýju forsendum (Olsson, 1982). Í fyrstu, sem hluti af hefðbundinni starfsemi samfélagshúsanna, en síðar sem sérstakri starfsemi sem var grunnur þessi sem við þekkjum í dag sem félagsmiðstöðvar ungmenna, oftast nefnt opið æskulýðsstarf (e. open youth work) (Jeffs, 2001).


Svæði frítímans

Vægi frítímans og magn mun aukast verulega, vegna fyrirsjáanlegra þjóðfélagsbreytinga á komandi ártugum. Vægi vinnunnar í vestrænum samfélögum mun minnka og ef skipti verðmæta samfélagsins verða með sanngjörnum hætti, mun vinnutími almennings styttest verulega.

Áhugi samfélagsins á frítímanum jókst sífellt fram eftir tuttugustu öldinni m.a. vegna aukinnar velferðar, sérstaklega hvað varðaði æskufólk sem lengi var afgangstærð og bjó



við mikið aðstöðuleysi hvað frístundastarfsemi og félagsaðstöðu varðaði. Þetta átti ekki síður við um aðra hópa samfélagsins, eins og foreldrasamfélagið. Margþætt aðstaða s.s. tilkoma félagsheimila víða um land, sundstaða o.fl. í þeim dúr um miðbik tuttugustu aldarinnar var liður í því að bæta þetta ófremdarástand. Stofnun félagshreyfinga, s.s. ungmennahreyfingarinnar í upphafi tuttugasta aldar, var leið samfélagsins til þess að brúa samfélagsgerðir og ekki síst finna hinum „tómu stundum“ innihald við sem flestra hæfi. Fram eftir öldinni var slík starfsemi miðuð að mestu við æskufólk. Um og eftir miðja tuttugustu öldina verður hinn svokallaði afþreyingariðnaður sífellt fyrirferðarmeiri eftir því sem hagur almennings batnar. Frítíma æskufólks má í grófum dráttum setja í þrjá flokka (mynd 3). Samfélagið reynir ávallt eftir fremsta megni að skapa æskunni viðeigandi uppeldisaðstæður. Tímaskeið hafa mismunandi einkenni og nálgun. Fyrirliggjandi þekking hverju sinni og ríkjandi viðhorf samfélagsins til æskunnar eru lykilatriði.



Áform í upphafi fimmta áratugs síðustu aldar um að byggja æskulýðshöll hérlandis, báru keim af þessu og byggðu á hugmyndafræði samfélagshúsa . Ágústi Sigurðssyni var falið að vinna skýrslu sem hann skilar til borgarstjóra 30. júní 1943. Skýrslan er um 40 blaðsíður með fylgiskjölum (Ópr. Ágúst Sigurðsson 1943). (Ágúst Sigurðsson, 1943).

Skýrsluhöfundur gerir ítarlega tillögur í þessum málum, enda telur hann málið afar brýnt og málinu megi ekki slá á frest. Í kaflanum „Markmið og leiðir,“ kemur eftirfarandi fram:

Æskulýðshöllin á að verða athvarf ungs fólks í bænum í frístundum þess, staður, þar sem það getur unnið að hugðarefnum sínum – hvort sem þau eru félagsstarf, nám, lestur, handavinna, tafl eða önnur heilbrigð viðfangsefni -; þar á það að geta hvílt frá störfum dagsins og notið hollrar skemmtunar.

...Vegna þess hve vín er oft misnotað á almannaþæri, tel ég rétt að leyfa alls ekki neyflu áfengis í æskulýðshöllinni (Ópr. Ágúst Sigurðsson 1943). (Ágúst Sigurðsson, 1943).



Höfundur gerir tillögur um rekstur og stjórn æskulýðshallarinnar. Hann telur sanngjarnt að ríkið taki verulegan þátt í stofnkostnaði enda búi um 1/3 hluti allra ungmenna landsins á svæðinu. Höfundur fjallar um húsnæðisþörf og hina ólíku starfsþætti er hann telur nauðsynlega starfseminni. Hvað aðstöðu varðar þá telur höfundur nauðsynlegt að í húsnæðinu sé kaffistofa, þrjár setustofur, „dyngja“, sérstök setustofa fyrir konur sem ættu kost á tilsögn í hannyrðum, smíðastofa, borðtennisherbergi og fjórar kennslustofur fyrir námsflokka. Höfundur fer einnig yfir hugmyndir um bókasafn í tengslum við starfsemina. Með samtengingu taldi hann að aðsókn unglunga að bókasafninu myndi aukast. Gert er ráð fyrir samkomusölum, þremur litlum sem hver um sig rúmi um 40 – 85 manns og einum stórum er rúmi allt að 250 manns í sæti. Sá salur sé búinn kvikmyndatækjum, hafi gott svið og hljóðfæri. Skrifstofu- og nefndarherbergi séu einnig nauðsynleg í höllinni.

Gerðar tillögur um eftirfarandi starfsþætti; fyrirlestra, kvikmyndasýningar m.a.. fræðslumyndir, og sérstaklega sýningu þeirra mynda sem hafi listrænt og menningarlegt gildi, söngskemmtanir og hljómlaika, skemmtikvöld og leikkvöld.

Félagsheimili

Lög um félagsheimili voru sett 1947. Lögin fjölluð um:

...samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalyðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi (Alþingi, 1947).

Lögunum var breytt árið 1970. Í greinargerð með lögunum kom fram að: Markmið laganna var að veita styrki til uppbyggingu mannvirkja m.a framlagi úr félagsheimilaskjóði sem væri fjármagnaður með hluta af skemmtanaskatti og svo framlagi sveitarfélaganna. Af hálfu ríkisins var heimilt að styrkja um allt að 40% og þá gert ráð fyrir að sveitarfélag legði annað eins til og afgangurinn væri fjármagnaður með sjálfsaflafé viðkomandi félagasamtaka. Um var að ræða fyrirkomulag sem er ekki ósvipað og varðar byggingu íþróttahúsa. Byggingar félagsmiðstöðva fyrir unglunga voru almennt ekki fjármagnaðar með þessu hætti með einni undantekningu sem var bygging félagsmiðstöðvarinnar Ársel í Árbæjarhverfinu. Félagshimilinn sinntu margvíslegum verkefnum víða um land fyrir alla aldurshópa og voru því ákveðin miðpunktur í þeim samfélögum sem þau störfuðu í. Sum voru í þéttbýli og önnur í dreifbýli. Starfsemi var mismunandi. Þau fyrstu voru templara- og ungmennafélagshúsin sem byggð voru af hugsjón og ákveðinni hugmyndafræði. Flest einhverskonar miðpunktur en ólík hvað varðar stærð og starfsemi. Ákveðin vandi fólst í því að félagshimilinn höfðu engan samnefnara, engin samtök og voru ekki með neina formlega umgjörð. Félagshimilinn voru því að mörgu leyti mjög mismunandi. Má þar nefna aldur, stærð, starfsemi, legu o. fl. Í elstu húsunum, sem byggð voru af hugsjón og dugnaði fyrir mörgum áratugum, var aðstaða bágborin í samanburði við þær kröfur sem við gerum til félagsheimila nú. Stærð félagsheimilanna er mismunandi, sem ræðst að verulegu leyti af íbúafjölda héraðsins og þeirri starfsemi sem félagsheimilinu er ætluð. Sum þessara félagsheimila eru í þéttbýli og í stöðugri notkun hvern dag. í tengslum við þau er oft og tíðum hótélrekstur, kvikmyndasýningar o. fl. Önnur eru á fámennari stöðum og oft að



verulegu leyti notuð í tengslum við skóla, bæði sem kennslustofur og íþróttahús (Alþingi, 1970).

Starfsemin var því ólík, allt frá því að vera samfélagmiðstöð yfir í að vera nánast eins og hefðbundnir veitinga- og skemmtistaðir. Sem dæmi um slíkt var félagsheimili Grindvíkinga Festi útvistað á áttunda áratug síðustu aldar og eðli málsins gerðar kröfur um skatta- og skyldur í samræmi við almennan fyrirtækjarekstur. Um það urðu miklar deilur sem lyktuðu með því að starfsemin laut að fullu viðmiðum fyrirtækjareksturs. Mörg félagsheimili breyttust í skemmtistaði og því erfitt að sjá tilgang með byggingu þeirra á þeim forsendum einum saman. Erlendur sérfræðingur og ráðgjafi í æskulýðsmálum Ooms er var héraendis við ráðgjafastörf um 1965 lagði mjög eindregið til að stofnuð yrðu landasamband félagsheimila (Ooms, 1967). Slíkt varð efalaust til þess að efla, tryggja og fagvæða starfsemina. Ekki síst með því að samræma grunnhugmyndafræðina. Félagshimili í landinu voru um 140 í kringum 1980 en hefur fækkaða verulega, starfsemi lagst af og húsin seld einkaaðilum. Sá samnefnari sem var í upphafi er ekki fyrir hendi, breytt samfélag, engin eða ólík hugmyndafræði. Félagshimili er því í raun afar viðtækt hugtak, eiginlega bara safnheiti yfir allskyns félagslega viðburði í nærsamfélaginu.

Að lokum

Í ljósi þeirra samfélagsbreytinga sem nú eiga sér stað og munu eiga sér stað, er ekki úr vegi að þetta raðir, fara yfir og endurskoða þjónustu hins opinbera á sviði frítímans. Hugmyndafræði samfélagshúsa er góður grunnur í slíkri vinnu. Allt er er breytingum undirorpið. Bókasöfn eru að breytast hægt og sígandi í samfélags- og menningarhús. Sama á við um sundstaði. Nokkuð þétt net margvíslegrar starfsemi í þessum anda víða um borgina, er góður grunnur sem byggja má á gagnvart fyrirsjáanlegum breytingum. Hér að framan hefur verið stiklað á stóru. Fyrir þau sem vilja fara dýpra er bent á heimildir hér að neðan.

Heimildir:

- Addams, J. (1902). Democracy and social ethics. THE MACMILLAN COMPANY.
- Addams, J. (1920). Twenty years at hull-house: With autobiographical notes. Macmillan.
- Lög um félagsheimili nr. 77/1947 nr. 1947.
- Lög um félagsheimili nr 107/28. Október nr. 1970.
- Ágúst Sigurðsson. (1943). Tillögur til bæjarráðs Reykjavíkur um æskulýðshöll og tómstundaheimili. Dagsett 30. Júní. Borgarskjalasafn. Málaskrá borgarstjóra, M/19.
- Árni Guðmundsson. (2017). Félagssuppeldi og frítíminn. Frístundir og fagmennska - Rit um málefni frítímans 15-25.
- Árni Guðmundsson. (2007). Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992. Höfundur.
- Cunningham, H. (1995). Children and Childhood í Western Society since 1500 Longman.
- Jeffer, T. (2001). Something to give and much to learn - Settlements and Youth Work. Í R. Gilchrist og T. Jeffer (ritstj.), Settlements, social change & community action. Jessica Kingsley Publishers.
- Olsson, H. E. (1982). Frán hemgård till ungdomsgård. RSFH - Riksförbundet Sveriges Fritids- och hemgårdar.
- Ooms, J. W. (1967). Nefndarálit æskulýðslaganefndar - fylgiskjal við skýrsla j.W.O um heimsókn til Íslands. Dagsett 26. ágúst 1965. Skjaladeild Menntamálaráðuneytisins.
- Richmond, M. (1899). Friendly visiting among the poor. The MacMillan Company.
- Richmond, M. (1930). The long view. Papers and adresses. Russel Sage Foundation.